

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *59. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 26. sept. 2013, kl 9:00.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fulltrúi á aðalfund Eypings 27.- 28. sept.
3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 17. sept.
4. Framkvæmdaleyfi vegna áningastaðar við Vagnbrekku.
5. Styrkumsókn frá Ástu Kristínu Benediktsdóttur vegna málþings.
6. Erindi frá nefndarsviði Alþingi, ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi, 37. mál.
7. Erindi frá nefndarsviði Alþingis, ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum, 44. mál.
8. Bréf frá Ástu Price dags. 24. sept.
9. Fundargerð Skólanefndar dags. 2. sept.

### Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 26. ágúst.

Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga dags. 28. ágúst.

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 13. sept.

Bréf frá Símanum dags. 5. sept.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Friðrik K. Jakobsson, Jóhanna Njálisdóttir.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 8 og 9, yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

**2. Fulltrúi á aðalfund Eyþings 27-28 sept.**

Sveitarstjórn samþykkti í tölvupósti 18. sept. s.l. að sveitarstjóri færi sem fulltrúi á aðalfund Eyþings sem haldinn verður á Grenivík um komandi helgi og staðfestist það hér með.

**3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 17. sept.**

**1. Deiliskipulag Reykjahlíðar. Tillaga að deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi.**

Tekin er fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi Reykjahlíðar og ósk um breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Innkomin er nýr tillöguuppdráttur og greinargerð dags. 10. sept. 2013 unnin af AVH. Samhliða þessu óskar Pétur Snæbjörnsson eftir breytingu á aðalskipulagi til aukningar á byggingamagni á lóð Hótel Reykjahlíðar.

Nefndin gerir nokkrar athugasemdir við deiliskipulagstillöguna (sjá fundargerð S-u) Pétur Snæbjörnsson vék af fundi nefndarinnar undir þessum lið.

**2. Flugvallahána. Umsókn um framkvæmdaleyfi.**

Tekið er fyrir erindi frá Gunnari H. Guðmundssyni f.h. Vegagerðarinnar þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. laga nr. 123/2010 til efnistöku úr Flugvallahánu. Náman er skilgreind sem 324-E í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 en deiliskipulag liggur ekki fyrir. Beiðni Vegagerðarinnar með samþykki landeigenda.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falin málsmeðferð skv. 13. gr. laga nr. 123/2010 og 47 og 48 gr. laga nr. 44/1999.

**3. Dimmuborgarvegur, endurbygging. Beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn.**

Tekið er fyrir erindi Þórodds Þóroddssonar f.h. Skipulagsstofnunar þar sem óskað er eftir umsögn Skútustaðahrepps um endurbyggingu Dimmuborgarvegar þ.e. hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum sbr. 6. gr. laga nr. 106/2000.

Skipulags- og umhverfisnefnd telur að nefnd framkvæmd sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

**4. Dettifoss. Deiliskipulag þjónustusvæðis.**

Tekið er fyrir að nýju deiliskipulag þjónustusvæðis við Dettifoss. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 123/2010 frá og með 19. júlí til og með 30. ágúst 2013.

Athugasemdir bárust frá Sigurði Erlingssyni. Einnig bárust athugasemdir frá Ólafi H. Jónssyni f.h. Landeigenda Reykjahlíðar ehf. eftir að athugasemdafresti lauk. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagstillaga verði samþykkt en þó með þeim fyrirvörum að ekki verði gefin út nein framkvæmda- eða byggingarleyfi nema með samþykki landeigenda Reykjahlíðar með vísan í fyrirvara sem fram koma í samningi LR ehf. og Vegagerðarinnar. Þá leggur nefndin til að Skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að afla deiliskipulagstillögunni staðfestingar skv. lögum nr. 123-2010,

#### **5. Geiteyjarströnd 1. Umsókn um byggingarleyfi.**

Tekið er fyrir erindi frá Helga Héðinssyni, Geiteyjarströnd 1, ósk um byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi með tveimur íbúðum í landi jarðarinnar skv. m.f. teikningu. Nefndin tekur jákvætt í byggingaráformin en leggst gegn því að umsækjanda verði heimilað að reisa umrætt íbúðarhús þar sem deiliskipulag liggur ekki yfir og bendir honum á að gera ráð fyrir því í þeirri skipulagsvinnu sem sveitarstjórn hefur heimilað landeiganda að láta vinna.

#### **6. Gautlönd. Umsókn um framkvæmdaleyfi.**

Tekið er fyrir erindi frá Sigurði og Jóhanni Böðvarssonum, Gautlöndum, þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi fyrir malarnámi í landi Gautlanda. Náman er skilgreind sem 378-E á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Áætluð efnistaka er 20-25 þús. m<sup>3</sup>, til allt að tíu ára. Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falin málsmeðferð skv. 13. gr. laga nr. 123/2010 og 47 og 48 gr. laga nr. 44/1999. Margrét Hólm Valsdóttir vék af fundi nefndarinnar undir þessum lið.

#### **7. Hofstaðir. Umsókn um framkvæmdaleyfi.**

Tekið er fyrir erindi frá Ásmundi Jónssyni, Hofstöðum, þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi fyrir malarnámi í landi Hofstaða. Náman er skilgreind sem 341-E í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Áætluð efnistaka er 20-25 þús. m<sup>3</sup>, til allt að fimm ára. Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falin málsmeðferð skv. 13. gr. laga nr. 123/2010 og 47 og 48 gr. laga nr. 44/1999.

#### **8. Stækkun Kröfluvirkjunar. Deiliskipulag.**

Tekið er fyrir að nýju. Deiliskipulagstillagan var auglýst frá og með 2. apríl til og með 14. maí 2013. Borist hafa svör Landsvirkjunar vegna athugasemda sem gerðar voru við deiliskipulagstillöguna á auglýsingartímanum. Svör Landsvirkjunar lögð fram til kynningar. Skipulags- og umhverfisnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að samræma sjónarmið nefndarinnar sem rædd voru á fundinum, og sjónarmið Lv. áður en deiliskipulagstillagan verður endanlega afgreitt úr nefndinni.

#### **9. Áningarstaður við Vagnbrekku. Umsögn um framkvæmdaleyfi.**

Tekið er fyrir erindi frá sveitarstjóra f.h. Skútustaðahrepps þar sem óskað er eftir umsögn Skipulags- og umhverfisnefndar um framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðra framkvæmda við áningarstað við Þjóðveg 1, við bæinn Vagnbrekku. Framkvæmdin er unnin í samráði við Vegagerðina og með samþykki landeiganda Egils Freysteinssonar. Þá liggur fyrir samþykki Umhverfisstofnunar, með skilyrðum og álit Skipulagsstofnunar.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfið.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar á öllum liðum fundargerðarinnar. Varðandi lið 1. vill sveitarstjórn þó ítreka mikilvægi þess að vanda samtengingu bygginga við Hótel Reykjahlíð. Ásýnd gamla hótelsins er sérstök og tengist sterkt ímynd Mývatnssveitar. Þá telur sveitarstjórn rétt að huga að nýrri aðkeyrslu og stækkun bílplans við Reykjahlíðarkirkju.

Guðrún María vék af fundi undir liðum 1, 4 og 8. Dagbjört vék af fundi undir lið 9.

#### **4. Framkvæmdaleyfi vegna áningastaðar við Vagnbrekku.**

Sveitarstjóri f.h. Skútustaðahrepps óskar eftir leyfi sveitarstjórnar til framkvæmda við áningarstað á Þjóðvegi 1, við Vagnbrekku. Framkvæmdin er ætlað að auka öryggi og bæta aðgengi að Vindbelgjarfjalli.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfið.

#### **5. Styrkumsókn frá Ástu Kristínu Benediktsdóttur vegna málþings.**

Með bréfi óskar Ásta Kristín Benediktsdóttir eftir stuðningi sveitarfélagsins vegna málþings sem fyrirhugað er að halda í Skjólbrekku 5. okt. n.k. Málþingið er um skáldkonuna Jakobínu Sigurðardóttur og verk hennar. Lögð verður áhersla á fræðilega fyrirlestra og upplestur, sem og persónuleg innlegg og tónlistaratriði frá fjölskyldumeðlimum. Skipuleggjendur auk Ástu eru Dagbjört Bjarnadóttir og Sigríður Kristín Þorgrímsdóttir.

Félags- og menningamálanefnd hefur fjallað um erindið og lagt til að það yrði styrkt.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 50.000,-

Dagbjört vék af fundi undir þessum lið.

#### **6. Erindi frá nefndarsviði Alþingi, ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi, 37. mál.**

Tillagan lýtur að því að Alþingi feli mennta- og menningarmálaráðherra að skipa í samráði við innanríkisráðherra nefnd með þátttöku sveitarfélaganna og annarra hagsmunaaðila, sérfræðinga og stjórnmalaflokka sem geri tillögu að áætlun um hvernig sveitarfélögin standi að því að bjóða leikskólaúrræði strax og fæðingarorlofi lýkur.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 29. sept.

#### **7. Erindi frá nefndarsviði Alþingis, ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum, 44. mál.**

Tillagan kveður á um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum og skiptingu mögulegra auðlindatekna milli ríkis og sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps fagnar framkominni tillögu sem er löngu tímabær.

**8. Bréf frá Ástu Price dags. 24. sept.**

Erindinu er vísað til Skólanefndar.

**9. Fundargerð Skólanefndar dags. 2. sept.**

Í öðru lið fundargerðarinnar kemur fram að skólastjóri hafi farið yfir komandi skólaár. 35 börn verða í skólanum í vetur í fjórum deildum. Samþykktar voru breytingar á skóladagatali og fjallað um nýja aðalnámskrá sem er í vinnslu. Jaan Alavere mun sjá um tónlistarkennslu í vetur. Þá mun skólinn fagna 20 ára afmæli á þessu ári.

Undir þriðja lið fór leikskólastjóri yfir starfsemi vetrarins. 16-18 börn er í skólanum í vetur í 23,4 barnagildum. Fram kom hjá leikskólastjóra að endurskoða þurfi sumarlokun skólans sumarið 2014.

Ekkert í fundargerð Skólanefndar þarfnast ályktunar við.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson,

Karl Emil Sveinsson,

Friðrik K. Jakobsson,

Jóhanna Njálisdóttir.